

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 03.04.2025

Verkefnaráð	1
Kennslulausnir – kynning.....	3
Framþróun SkólaBúa.....	4

Verkefnaráðsfundur 03.04.2025

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2025
Dagsetning 03.04.2025	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólímenn Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Þórunn Sif Þórarinsdóttir, Tindur Óli Jensson, Magnús Bergur Magnússon og Halla María Ólafsdóttir	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir og Harpa Atladóttir	

Fimmtudagur 03.apríl 2025, kl.09:30 – 10:30 4.hæð vestur, Melavellir, Borgartún 12-14

- 09:30 -09:35 Samstilling
- 09:35–09:55 Kynning vörustjóra: Kennslulausnir
Þórunn Sif Þórarinsdóttir
- 09:55–10:00 Umræður
- 10:00–10:20 Framþróun á skólaBúa
Tindur Óli Jensson, Magnús Bergur Magnússon og Halla María Ólafsdóttir
- 10:20-10:30 Umræður
- 10:30 Fundi slitið

Kennslulausnir – kynning

Kennslulausnir eða stafrænar lausnir í skóla- og frístundastarfi er yfirheiti yfir vörusafn smáforrita í notkun í skólaumhverfi borgarinnar. Varan verður til sem afurð úr eldra verkefni en í því verkefni fór fram mikilvæg vinna í þróun greiningar- og matsferla fyrir stafrænar lausnir í skólastarfi og voru fjöldi lausna samþykktar. Vinnan við ferlana er mikilvæg þar sem þeir tryggja samspil persónuverndar, upplýsingaöryggis, rekstaröryggis, kennslugæða og regluhaldni í skólastarfi.

Stór þáttur vörustjóra hefur hingað til verið að átta sig á stóru myndinni og hvaða reglur eiga við hverju sinni til að hægt sé að koma vörunni í sjálfbæran rekstur í skólaumhverfinu. Lausnirnar falla eins og staðan er núna í þrjá flokka, samþykktar lausnir, lausnum sem hefur verið hafnað og lausnir sem hafa ekki farið í gegnum samþykktarferilinn en eru í notkun.

Sýn og stefna

Markmið vörunnar er að bjóða upp á fjölbreytt úrval samþykktra, hagkvæmra og öruggra hugbúnaðarlausna. Starfsfólk getur auðveldlega fundið og óskað eftir hugbúnaði sem hentar kennslu í öllum aldursþópum og námsgreinum

Stóra myndin – Áherslur

- **Forritum sem hefur verið hafnað** - Megináherslan var að ná utan um þau forrit sem hafði verið hafnað af ýmsum ástæðum í forgreiningu eða mati og taka þau saman í lista fyrir kerfisstjórn.
- **Óskalisti** – Næsta áhersla var að taka saman sambland þeirra lausna sem skólarnir höfðu óskað eftir að halda inni á tækjunum sínum við yfirfærsluna í nýtt umsjónarkerfi fyrir ípad og þær lausnir sem þau höfðu fengið afgreiddar til að átta sig á eftirspurn og þörf á hugbúnaði.
- **Starfshópur borgarstjóra um notkun tæknilausna í skólastarfi** – Skóla- og frístundasvið er með starfshóp á vegum borgarstjóra vegna stafrænna lausna í skólastarfinu. Starfshópurinn er enn að störfum og er hlutverk hans að skilgreina hlutverk og ábyrgðir, uppfæra ferla og kröfur, innleiða reglur og efni handbókar sem unnin var í Stafrænni grósku auk annara þátta.
- **Ferlavinna** – Innan vinnuhóps vörunnar hefur einnig verið lögð áhersla á ferlaþróun og vinnu. Sem dæmi um ferla sem unnið er að má nefna inn- og útleiðingu smáforrita, endurmat og aðra þætti.
- **Graphogame** – Smáforrit sem fór í gegnum ferla til samþykktar og dreifingar. Greining og mat gekk hratt fyrir sig en um var að ræða fría lausn sem var án vinnslu persónuupplýsinga. Kerfisstjórn tryggði í samstarfi við vörustjóra að innleiðing gekk mjög vel og var prófað að setja bæði í beina dreifingu og sjálfsafgreiðslu.
- **Samstarf við önnur sveitarfélög** – Reykjavíkurborg er aðili að samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem standa að áhættugreiningarvef sem Samband íslenskra sveitarfélaga hýsir. Vörustjóri hefur, ásamt sérfræðing frá SFS, fundað með fulltrúum sveitarfélaga vegna þessa samstarfs þar sem þrýst er á að Miðstöð menntunar og skóla komi að þessu gríðarlega kostnaðarsama og umfangsmikla verkefni.
- **Hagkvæmni í rekstri** – Í samstarfi við fjármálasérfræðinga SFS hefur vörustjóri verið að leita leiða til að tryggja hagkvæmni í innkaupum og rekstri.
- **Breyting beiðnaferlis** – Núverandi beiðni um hugbúnað í skólastarfi þjónar tilgangi sínum illa og leitar skólaumhverfið ítrekað í tölvupóstbeiðnir og símtöl. Vörustjóri

hefur verið að skoða, meðal annars með vörustjóra Atlassian, hvernig hægt sé að breyta beiðninni til að gera hana aðgengilegri og þægilegri. Þetta er áhersluefni árið 2025.

- **Helperbird** – Verið er að leggja lokahönd á mat á lausninni og hagstæð innkaup á hugbúnaðarlausn sem er bæði fyrir iPad og Chromebook. Helperbird er öflug stoðlausn sem hentar meðal annars fyrir sjónskerta og verður líklega fyrsta forritið sem verður samþykkt fyrir Chromebook. Áætlað er að um 15-20% grunnskólanemenda muni fá aðgang að henni.

Næstu skref

- Áframhald með Helperbird – hefur tafist vegna anna hjá yfirlögfræðingi SFS
- Átak í Jira beiðnum – mikið hefur safnast upp sem þarf að saxa á
- Áframhald með breytingar á beiðnum
- Prófanir á útleiðingu lausna fara af stað í kringum páska
- Vinna með fjármáladeild SFS að skoða nýtingu leyfa og fjármálahlið vörunnar
- Skýrari hlutverk og stefna vegna framhaldsins
- Undirbúningur vegna næsta skólaárs

Áskoranir

- Nýr sviðsstjóri ekki búinn að setja sig inn í málin að fullu, fjármagn ekki skýrt, það þarf að setja skýr markmið varðandi vöruna og hlutverk aðila innan sem utan sviðsins
- Skilgreina vöruna og vörustýringuna
- Bæta þarf samskipti milli skóla- og frístundasviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs, svo hægt sé að vinna saman að skýrum markmiðum

Sigrar

- Samstarf við sérfræðinga SFS er heilt yfir mjög gott
- Samstarf vörustjóra við kerfisstjórn er mjög gott
- Vörusýnin er nokkuð skýr
- Samtal við skólaumhverfið komið af stað
- Innkaupakortsmálið leyst

Umræður verkefnaráðs

Mjög góð yfirferð á vörum sem falla undir kennslulausnir.

Aftur í efnisyfirlit

Framþróun SkólaBúa

Farið var í umbreytingarverkefnið Betri borg fyrir börn (BBB) eftir að farsældarlögin voru samþykkt. Í lögunum er krafist mikillar samvinnu á milli starfsmanna á Skóla og frístundasviði (SFS) og Velferðarsviði (VEL). Ákveðið var að búa til kerfið Búa sem auðveldar starfsfólki að veita betri og skilvirkari skólaþjónustu, svo að barninu líði betur. Kerfið einfaldar samvinnu og eykur yfirsýn fyrir starfsfólk og einnig aukum við gagnsæi gagnvart forsjáraðilum og aukum öryggi viðkvæmra persónuupplýsinga.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Óska eftir fjármagni til þess að klára vörðu 1 sem mun krefjast fjárfestingar upp á 27,5 mkr.


Búið er að gera:

- Fundur með fagskrifstofu frístundamála hjá SFS.
- Fundur með eigendahóp BBB þar sem forgangsörðun var samþykkt.
- Umfangsmikil forgreining umbreytingarverkefnisins BBB.
- Umfangsmikil greining á umsóknum BBB
- 6 notendaprófanir á dagbókarvirkni.
- 109 notendaviðtöl í BBB

Með verkefninu á m.a að:

- Bæta frístundastarfi, leikskólastarfi og dagbókarfærslum inn í Búa.
 - Skilafundir ættu að minnka þegar það eru sjálfvirk skil milli skólastiga.
- Persónumappa barns færir sjálfkrafa í þann skóla sem barnið byrjar í.
 - Betri upplýsingar um barnið frá leikskólanum. Tímastarnaður á skilafundum.
- Samhæfð skráning þjónustuveitingar beint inn í kerfið
 - Saga barns verður mun skýrari sem leiðir til skilvirkari lausnarleitar
- Ferlið hefst í skóla, skóli er með yfirsýn yfir stöðu
 - Auðveldara er að fylgja máli eftir, ekkert mál gleymist
- Umsóknir berast beint inn í öruggt svæði í SkólaBúa
 - Vinna við umsýslu, skjölun og áframsendingar minnkar hjá starfsfólki.

Fyrsti áfanginn:



Væntur ávinningur/ábati:

Mælanlegur ábati:

- Umhverfisáhrif - upp 4 kg af pappír
- Tímasparnaður - 165 klst
- Ferðir milli staða - 110 ferðir
- Starfsánægja
- Bætt ímynd með minni flækjum
- Ánægja borgarbúa

Annar ábati:

- Betri yfirsýn yfir skólaþjónustumál fyrir leikskóla og frístundastarf.
- Hættum að senda viðkvæmar persónuupplýsingar í tölvupósti.
- Minni hætta á að mál barns í vanda gleymist

Tímarammi: Varða 1 - 5 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 27,5 m.kr.

Næstu skref:

- Forgreining með lögfræðingum SFS og ÞON um sjálfvirk skil gagna milli skólastiga.
- Greining á þörfum BBB um leikskólabörn og starfsfólk inn í SFS-forritunarskil
- Forgreining á þörfum deildarstjóra og sérkennslustjóra leikskóla.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 03.04.2025 : 4

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Gera skal heimildarbeiðni, mikilvægt að gert sé grein fyrir rekstrarkosnaði.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra Búa og stafræna leiðtoga SFS og VEL.	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs dags 10. apríl 2025